

Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

## 7. gr.

Ef hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis, skal landlæknir áminna þau. Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að hlutaðeigandi skuli sviptur hjúkrunarleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður verið sviptur hjúkrunarleyfi samkv. 1. mgr., og er þá ráðherra heimilt að veita þeim leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

## 8. gr.

Heimilt er að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun, og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um sjúkraliða eftir því, sem við á.

## 9. gr.

Heilbrigðismálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um efni laga þessara.

## 10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngrri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á löggjöfinni skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt löggjöfinni renna í ríkissjóð.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarlög, nr. 42 12. maí 1965.

*Gjört í Reykjavík, 13. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

Nr. 9.

14. mars 1974.

## L Ö G

um starfskjör launþega o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launþega í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launþega og vinnuveitenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

## 2. gr.

Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldgreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Nú hefur annar háttur verið á hafður um greiðslu iðgjalda en lög þessi ákveða fyrir gildistöku þeirra, og er þá heimilt að halda honum áfram.

## 3. gr.

Öllum vinnuveitendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

## 4. gr.

Iðgjaldskröfur skv. 2. gr. laga þessara skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitenda til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldakröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Björn Jónsson.*